



Frá ÍSí:

Í ljósi fregna frá upplýsingafundi almannavarna í morgun viljum við ítreka mikilvægi þess að framfylgja þeim reglum um sóttvarnir sem eru í gildi. Það lítur út fyrir bjartari tíma framundan, með frekari afléttingum, en baráttunni við COVID-19 er þó ekki lokið og mikilvægt að sofna ekki á verðinum.

---

Endilega ítrekið mikilvægi sóttvarna við ykkar aðildarfélög og þá sérstaklega þær reglur sem gilda um áhorfendur, sem eru eftirfarandi::

Heimilt er að hafa að hámarki 150 áhorfendur í einu sóttvarnarhólf á íþróttaviðburðum og að hámarki þrjú sótthólf í hverri byggingu, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

- Allir gestir séu sitjandi í númeruðum sætum og ekki andspænis hver öðrum.
- Allir gestir séu í númeruðum sætum og skráðir, a.m.k. nafn, símanúmer og kennitala. Skráin skal varðveitt í tvær vikur og eytt að þeim tíma loknum.
- Allir gestir noti andlitsgrímu nema þegar neytt er drykkjar- eða neysluvöru.
- Tryggt sé að fjarlægð milli ótengdra gesta sé a.m.k. 1 metri á alla kanta. Á við börn og fullorðna.
- Veitingasala er ekki heimil í hléi.
- Komið verði eins og kostur er í veg fyrir frekari hópamyndun fyrir viðburði, í hléi og eftir viðburð.

Læt hér orð Þórólfs sóttvarnalæknis fylgja að lokum:

*“Ég vil skora á íþróttafélög-in að virki-lega standa sig í þessu. Það var mikið ákall og mikil gagn-rýni sem við feng-um fyr-ir að loka fyr-ir íþrótt-a-starf-semi, og við vor-um full-vissuð um að menn gætu staðið sig. Ég held að það standi núna upp á íþróttafélög-in og íþróttahreyf-ing-una að virki-lega sýna að þetta sé hægt.”*